

Alg- & Mógeltvätt

Þörunga- og mygluhreinsir

Efnislýsing

Alg- & Mógeltvätt er hreinsiefni sem fjarlægir á áhrifaríkan hátt alls kyns gróður, myglu, mosa og önnur óhreinindi af tré, steypu, máluðum flötum, múrsteinum, markísnum, garðhúsgögnum o.fl. Flöturinn sótthreinsast og er laus við óhreinindi og gróður lengi á eftir. Biokleen má notar bæði inni og úti. Efnid skemmir ekki blóm, gras og annan gróður. Ráðlegt er þó að bleyta nálægar viðkvæmar plöntur með vatni áður en hafist er handa. Biokleen ætir ekki gler en getur haft örliðið ætandi áhrif á ál, sínk, kopar og aðra gljúpa málma.



Meðhöndlun

Þynning: Ef flöturinn er slæmur af myglu og gróðri eða á að undirbúa fyrir endurmálun skal þynna efnid um 1:5 með vatni. Við minniháttar grænni sliki og óhreinindum nægir að þynna í hlutfallinu 1:15.

Notkun: Berið hreinsiefnid á flötinn neðan frá og upp til að forðast rendur. Látið Alg/Mógeltvätt virka í nokkrar mínútur en ekki svo lengi að efnid nái að þorna. Ef það gerist, þarf að byrja upp á nýtt með nýrri blöndu. Burstid með viðeigandi burstu þar til allur gróður og mygla hafa losnað og skolið loks vandlega með vatni. Erfiðir fletir gætu þurft aðra umferð af hreinsiefninu.

Tæknilegar upplýsingar

Notkun: 5-7 fermetrar pr. lítra af þyntri blöndu

Skammtur: 1:5 á yfirborð með miklum gróðri og óhreinindum. Á yfirborð með minni óhreinindum eða sliki nægir 1:15

Pakkningar: 1 og 5 lítra brúsar

Geymsla: Í svölu og frostfríu rými

Heilsufars- og umhverfismál

Hellið ekki málningar- og hreinsiefnaleifum í niðurföll og vatnsfarvegi. Skilið efnaleifum og tónum umbúðum til endurvinnslustöðva. Umbúðir flokkast sem plastúrgangur.